

Starfsárið 2016-2017

Aðalfund Félags Íslenskra Náttúrufræðinga

Föstudaginn 8. apríl 2016, kl. 09:00-12:15, Hilton Hótel, Suðurlandsbraut 2

Fundarstjóri: Ína Björg Hjálmarsdóttir

Fundarritari: Louise le Roux

Dagskrá:

1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar**
2. **Ársreikningar FÍN of Kjaradeilusjóðs**
3. **Tillögur um lagabreytingar**
4. **Ákvörðun félagsgjöld**
5. **Stjórnarkjör**
6. **Kosning skoðunnarmanna reikninga**
7. **Kosning stjórn Kjaradeilusjóðs**
8. **Kosning í siðanefnd**
9. **Önnur mál**

Efni dreift á fundi:

- Fylgiskjal 1** Fréttabréf FÍN 31 árg. 2. tbl. Apríl 2016
Fylgiskjal 2 Ársreikningur FÍN
Fylgiskjal 3 Ársreikningur Kjaradeilusjóðs
Fylgiskjal 4 Tillögur að stjórn og nefndum 2016-2017

Fundarsetning: Páll Halldórsson setti fund og lagði fram tillögur að fundarstjóra og ritara fundarinnar. Ína Björg Hjálmarsdóttir samþykkt sem fundarstjóri og Louise le Roux samþykkt sem fundarritari

1. **Formaður flytur skýrslu stjórnar**

Páll Halldórsson flutti skýrslu stjórnar. Páll kynnti embætti stjórnar, starfsemi og starfsfólk síðasta starfsárs.

Starfsdagar trúnaðarmanna voru 2.

Vinnustaðarfundir formanns voru 42, 13 utan höfuborgarsvæðis

Nokkrir stofnanasamningar voru gerðir, auk þess mikið unnið að bókun 2 í kjarasamning 2014

Lögfræði aðstoð og dómsmál með aðstoð lögfræðings BHM

Kynning á stöðu kjarasamninga, verkfall og kröfugerð: Árið 2015/16 var mikið samningarár. Samningur ríkisins lauk með gerðardóm og samið var við Sveitarfélög og Reykjavíkurborg.

Stutt kynning á SALEK samkomulagi og niðurstaða formannaráðs BHM.

Kynning: launaþróun á almennum markaði frá 2008 og kröfur gagnvart Samtökum Atvinnulífsins. Launaþróunin fylgir nokkuð launavísitölu og það virðist vera stór munur á samningsbreytingum og raunbreytingum.

Samningi við Reykjavíkurborg fylgir SALEK samkomulag, ásamt starfsmati

Samningi við Sveitarfélög fylgir kerfisbreytingar, ásamt starfsmati og tryggingu um 21% hækkun.

Kynning á samsetningu FÍN eftir kyn, vinnustað, menntun og launum eftir menntun. Stærsti hópur félagsins er konur hjá einkafyrirtækjum á aldrinum 36-40 ára, 49.5% vinna hjá Ríkinu, almennir markaður er með 35%, og rest hjá borg, sveitarfélögum, landbúnaði og annað. Menntunarsamsetning hefur líka breyst og fleiri félagsmenn eru með MS gráðu.

Kynning á launaþróun náttúrufræðinga hjá ríkinu.

Páll lætur af störfum eftir rúmlega 30 ára störf í félaginu og þakkaði samstarfsfólki.

Spurning: Hvernig eru starfsmenn sem eru í ohf á almennum markaði skilgreindir? Eldri starfsfólk ohf er skilgreint sem opinberir starfsmenn með ríkiskjör. Hinsvegar er nýrra starfsfólk með samninga samkvæmt einkamarkaði.

Afgreiðsla: Skýrsla stjórnar borin undir fund og samþykkt

2. Ársreikningar

Ólafur Eggertsson lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sjóða þess.

Ársreikningar FÍN voru lagðir fram

Ársreikningar Kjaradeilusjóð voru lagðir fram

Spurning: Hvað kostaði verkfall? Svar: Verkfall kostaði rúmlega 65 milljónir.

Spurning: Verða tekjur félagsins svipað eftir endurskoðun félagsgjalds? Svar: Rætt undir lið 4.

Spurning: Hvað felur í augýsingakostnaði? Svar: Kostnaður vegna kjaradeilna og kjarakönnun sem var greitt af FÍN

Afgreiðsla:

- Ársreikningur félagsins lagður undir atkvæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Ársreikninga Kjaradeilusjóð lagður undir atkvæði. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

3. Tillögur um lagabreytingar

Afgreiðsla: Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

4. Ákvörðun um félagsgjald

BHM ákvað að miða iðgjöld aðildarfélaga við heildarlaun. Niðurstaða FÍN var að félagsgjald verði það sama fyrir opinberan- og almennan markað sem er 0.7% af heildartekjur

Tillaga: Félagsgjald verði 0.7% af heildarlaun

Afgreiðsla: Tillaga borin til atkvæða. Tillaga að félagsgjald verði 0.7% af heildarlaunum var samþykkt með meirihluta atkvæða. Eitt atkvæði barst á móti.

4. Stjórnarkjör

Páll kynnti. Engin móttillaga hafði borist félaginu vegna tillaga að stjórn og nefndum né tillaga formanns.

Athugasemd: Það var bent á að samsetning stjórnar halla svolitið á dreifbíli.

Spurning: Hverjir eru nýjir í stjórn? **Svar:** 4 nýir koma inn í stjórn. Guðrún Nína Petersen, Sverrir Daníel Halldórsson, Hafdís Sturlaugsdóttir, Sigríður Klara Böðvarsdóttir

Afgreiðsla: Tillögur að stjórn og nefndum lögð fyrir fund.

Stjórn til 2ja ára: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Formaður FÍN: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Skoðanarmanna reikningar: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Stjórn Kjaradeilusjóð: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

Siðanenfnd: Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

5. Lífeyrismál opinbera starfsmanna

Páll flutti erindi um væntanlegar breytingar í lífeyrismál og kynnti helstu tillögur vinnuhóps og hugmynd að einu lífeyriskerfi í landinu.

Samkomulag hefur verið samþykkt en ekki undirritað. BHM er með fyrirvara varðandi samkomulagi um núverandi starfsmenn sveita og ríkis og að kjör nýrra starfsmenn rýrna ekki.

Grundvallarbreyting er afnám bakábyrgðar. Kynning á áhrifum hjá núverandi sjóðsfélögum.

Kynning um leiðir hvernig hægt er að gera breytingu án þess að skerða réttindi núverandi sjóðsfélaga: lokunarleið og lífeyrisaukaleið. Nú liggur fyrir að ríkið vill fara siðarnefndar leið. Árgangatengdur lífeyrisauki skapar ákveðna hættu og skaða hjá eldri félagsmönnum ef hægt er að rekja iðgjöld til einstaklinga og hækkun lífeyrisaldurs þýðir skerðing hjá yngri félaga.

Miklægt í komandi viðræðum að tekið verði tillit til breytinga vegna breyttra lífslíkna auk fjarfestingaáhættu. Kanna þarf sérstaklega stöðu þeirra í A-deild og að öllum sem greiða í A-deild verði tryggður lífeyrisauki, að þeir skaðast ekki vegna breytinga, og að nýtt kerfi leiði ekki til lakari kjara nýja starfsmanna.

Spurning: Er hægt að fara blandaða leið? **Svar:** Það hefur verið skoðað og er ekki alveg útilokað.

Spurning: Hvar standa nýjir félagsmenn í Lokunarleið? **Svar:** Nýir félagsmenn fara inn í nýtt kerfi.

Umræða um áhrif á atvinnumarkaðsins og áhrif á fólk sem kemur inn í atvinnumarkaðinn.

Afgreiðsla: Kynning

6. Önnur mál

Nýr formaður, Maríanna H. Helgadóttir flutti erindi.

Fráfarandi félagar í trúnaðarstörfum og stjórnarmenn voru kvaddir og þakkað fyrir störfin sín með tilheyrandi þakklætisvottum. Einnig var Páll Halldórsson kvaddur undir standandi lófaklappi eftir 30 ára starf

Afgreiðsla:

7. Fundur slitinn kl. 12:15